

# Skýrsla

## fjármála- og efnahagsráðherra um meginþætti í störfum fjármálastöðugleikaráðs árið 2016.

(Lögð fyrir Alþingi á 146. löggjafarþingi 2016–2017.)

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 66/2014, um fjármálastöðugleikaráð, skal ráðið árlega, og oftár ef þörf er á, gera Alþingi grein fyrir meginþáttum í störfum sínum. Skýrsla um starfsemi ársins 2015 var lögð fram 9. mars 2016.

Fjármálastöðugleikaráð hélt fimm fundi á árinu 2016. Fundirnir voru haldnir 22. janúar, 18. maí, 5. júlí, 30. september og 16. desember.

Í almennum umræðum á fundum ráðsins hefur verið rætt um vaxandi spennu í þjóðar- búskapnum, sem einkum birtist á vinnu- og húsnæðismörkuðum. Staða og þróun hagkerfisins og fjármálakerfisins á árinu hafa þó almennt verið jákvæðar. Hagvöxtur hefur verið öflugur, útflutningur burðugur vegna mikils þjónustuútflutnings og undir lok ársins var erlend staða þjóðarbúsins hin hagstæðasta í sögu landsins, svo langt sem sambærileg gögn ná. Ráðstöfunartekjur heimila hafa aukist, hagnaður fyrirtækja almennt ágætur og viðnáms- þróttur viðskiptabankanna góður, hvort sem horft er til eiginfjárlutfalla eða lausafjárstöðu.

Á árinu sendi fjármálastöðugleikaráð í fyrsta skipti tilmæli til Fjármálaeftirlitsins um að leggja á eiginfjáruka skv. 86. gr. a – d laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Verndunar- auki leggst sjálfkrafa á fjármálafyrirtæki skv. 86. gr. e. sömu laga. Á fyrsta fundi ársins samþykkti fjármálastöðugleikaráð að beina tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að leggja á fjármálafyrirtæki þrjá eiginfjáruka: eiginfjáruka vegna kerfisáhættu, eiginfjáruka vegna kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja og sveiflujöfnunarauka. Sveiflujöfnunarauki leggst á öll fjármálafyrirtæki,<sup>1</sup> eiginfjáruki vegna kerfisáhættu á innlánsstofnanir eingöngu og eiginfjáruki vegna kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja leggst eingöngu á þau sem svo hafa verið skilgreind.<sup>2</sup> Eiginfjárukarnir geta verið ólíkir milli fyrirtækja og leggjast ekki á þau öll með sama hætti á sama tíma en taflan hér á eftir sýnir hvernig eiginfjárukar munu leggjast á þrjá stærstu bankana, Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankann hf. eftir ákvarðanir ársins 2016.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Nema þau sem undanskilin eru skv. 4. mgr. 84. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, s.s. Lýsing hf., Valitor hf., Borgun hf., Lánasjóður sveitarfélaga og Byggingastofnun.

<sup>2</sup> Á fundi fjármálastöðugleikaráðs 5. júlí 2016 var staðfest fyrri samþykkt frá 14. apríl 2015 að Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. væru kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.

<sup>3</sup> Um eiginfjáruka á önnur fjármálafyrirtæki vísast í töflur sem birtar eru hér: <http://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Akvordun-FME-um-haekkun-sveiflujofnunarauka-1.11.2016.pdf>

Dagsetning	1. nóvember 2016	1. janúar 2017	1. mars 2017	1. nóvember 2017
Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu	3%	3%	3%	3%
Eiginfjáruki vegna kerfislegs mikilvægis	2%	2%	2%	2%
Sveiflujöfnunarauki			1%	1,25%
Verndunarauki	1,75%	2,5%	2,5%	2,5%
<b>Samanlögð krafa um eiginfjáruka</b>	<b>6,75%</b>	<b>7,5%</b>	<b>8,5%</b>	<b>8,75%</b>

Eitt af markmiðum ráðsins er að vinna gegn óæskilegum áhrifum af óhóflegu fjármagnsflæði til og frá landinu sem getur magnað hagsveifluna, sbr. opinbera stefnu um fjármála-stöðugleika. Á árinu 2015 fóru fram töluverðar umræður í ráðinu um hvernig farsælast væri að styðja við þetta markmið, enda mögulegt útlæði fjármagns í tengslum við afléttingu hafta ofarlega á baugi. Á fyrri hluta ársins 2016 komu um 44 milljarðar króna inn í landið til nýfjárfestingar, aðallega í ríkisskuldabréfum, eitthvað sem kalla mætti vaxtamunarviðskipti. Slíkt fjármagn er kvíkt og viðbúið að það snúi snögglega úr landi ef efnahagsaðstæður breytast, sem oft ýkir þá neikvæðu stöðu sem varð kveikurinn að flutningi fjármagnsins úr landi. Með nauðasamningum þrotabúa bankanna var stigið mikilvægt skref í átt að afnámi fjármagnshafta og að þeim loknum var tímabært að undirbúa næstu skref. Hinn 4. júní 2016 tóku gildi reglur Seðlabankans um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends fjármagns (reglur nr. 490/2016). Reglunum er ætlað að draga úr áhættu sem getur fylgt óhóflegu fjármagnsinnstreymi, styðja með því við innlenda hagstjórn og stuðla að þjóðhagslegum og fjármálalegum stöðugleika. Eftir tilkomu þessara reglna hefur flæði fjármagns til landsins vegna nýfjárfestingar nærri stöðvast. Umræða um uppgjör þrotabúanna, fjárstreymi og reglur nr. 490/2016 fór fram á fundum ráðsins 18. maí og 5. júlí 2016.

Á fundi ráðsins 30. september 2016 voru kynntar niðurstöður álagsprófs Seðlabankans þar sem kannaður var viðnámsþróttur bankanna gegn hugsanlegu áfalli þar sem horft var til áhrifa af fækkun ferðamanna, auk annarra þátta. Í prófinu var skoðað hvaða áhrif ákveðin efnahagsleg áföll myndu hafa á hag- og fjármálakerfið frá 2016 til 2018. Prófið leiddi í ljós að magn útflutnings myndi dragast saman og viðskiptakjör versna. Þá myndi fjárfesting dragast saman, atvinnuleysi aukast en verðbólga verða hófleg. Verg landsframleiðsla myndi dragast saman, samtals rúmlega 5% fyrstu tvö árin og eiginfjárlutfall A í bönkunum myndi dragast saman um 3,7 prósentur, sem ógnaði ekki lögbundnum lágmörkum um eigin fé þeirra.<sup>4</sup>

Á síðasta fundi fjármálastöðugleikaráðs á árinu 2016 sem haldinn var 16. desember var, auk venjubundinna verkefna, rætt um starfsemi ráðsins og nokkur samræmingaratriði sem varða opinbera stefnu um fjármálastöðugleika og lög um fjármálafyrirtæki, m.a. um birtingu tilmæla um sveiflujöfnunarauka. Þau mál verða yfirfarin betur á næsta starfsári ráðsins.

<sup>4</sup> Ítarlega var svo gerð grein fyrir niðurstöðum álagsprófsins í riti Seðlabankans, Fjármálastöðugleiki 2016/2.



